



Reykjavík 26. mars 2021

## Niðurstaða athugunar á tenglum í grunnlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur og birtingu á endanlegum skilmálum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í ágúst 2020 athugun á tenglum í grunnlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan) sem Fjármálaeftirlitið staðfesti hinn 31. júlí 2020 vegna töku verðbréfa Orkuveitunnar til viðskipta á skipulegum markaði. Niðurstöður lágu fyrir í febrúar 2021.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort tenglar væru virkir í grunnlýsingunni, sbr. 7. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (lýsingarreglugerðin), sem lögfest var með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.). Samkvæmt ákvæðinu ber útgefanda að nota tengla þegar upplýsingar eru felldar inn í lýsingu með tilvísun. Einnig var kannað hvort birting endanlegra skilmála á vefsetri Orkuveitunnar, sem gefnir voru út vegna töku verðbréfa Orkuveitunnar til viðskipta á skipulegum markaði hinn 27. ágúst 2020, væru í samræmi við 5. mgr. 8. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Endanlegir skilmálar hvernar útgáfu eru settir fram í aðskildu skjali og eru hluti af grunnlýsingunni. Niðurstöður lágu fyrir í febrúar 2021.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við virkni 18 tengla af 27 í grunnlýsingu Orkuveitunnar vegna skjala sem felld voru inn með tilvísun í grunnlýsinguna. Um var að ræða tæknilegt vandamál vegna færslu grunnlýsingarinnar yfir á leitarbært form. Tenglarnir voru óvirkir í grunnlýsingunni á tímabilinu 31. júlí 2020 til 14. september 2020 og taldi Fjármálaeftirlitið það ekki samræmast kröfum 7. mgr. 21. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Einnig gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við birtingu á endanlegum skilmálum Orkuveitunnar en þeir voru ekki birtir fyrir en 16. september 2020, 20 dögum eftir töku verðbréfanna til viðskipta á skipulegum markaði. Fjármálaeftirlitið taldi það ekki samræmast kröfum 5. mgr. 8. gr. lýsingarreglugerðarinnar.